

47
18. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43/1954, um Kirkjubyggingasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Að fengnum meðmælum safnaðarstjórnar er heimilt að veita lán úr Kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, hafi viðkomandi söfnuður neitað að taka við kirkjunni sem safnaðarkirkju með sanngjörnum kjörum að dómi prófests, enda sé kirkjan notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar svo sem safnaðareign væri og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi sjóðsstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

48
16. maí

L Ö G

um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1955, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.